



Til Héraðssambanda og íþróttabandalaga

Reykjavík, 19.apríl 2024

ÞINGBOÐ

Skotþing 2024

Skotþing 2024 verður haldið, laugardaginn **18.maí 2024** og hefst kl. 11:00. Fundarstaður er Íþróttamiðstöðin í Laugardal, salur á 3.hæð.

Dagskrá skv. lögum STÍ

Um Þingfulltrúa

8. grein

Skotíþróttaping sitja fulltrúar frá þeim aðilum sem mynda STÍ.

Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir tölu iðkenda skotíþróttara. Fyrir 20 til 200 iðkendur koma 2 fulltrúar og 1 fulltrúi að auki fyrir hverja byrjaða 150 þar fram yfir, þar til að fulltrúafjöldi hefur náð 10 en þá kæmi 1 fulltrúi fyrir hverja byrjaða 300 eftir það.

Kjörgengi og kosningarétt til skotíþróttapings hafa þeir félagar skotíþróttafélaga sem náð hafa 18 ára aldri. Á skotíþróttapingi hafa kjörnir fulltrúar einir atkvæðisrétt. Auk þeirra hafa eftirtaldir rétt til þingsetu með málfrelsi og tillögurétt.

- a) Stjórn og varastjórn STÍ
- b) Framkvæmdastjórn ÍSÍ.
- c) Allir nefndarmenn STÍ
- d) Auk þess getur stjórn STÍ boðið öðrum til þingsetu telji hún ástæðu til.

Aðeins sá sem er í félagi sem iðkar skotíþróttina innan sérráðs eða héraðssambands er kjörgengur fulltrúi þess á skotþingi. Hver fulltrúi fer með 1 atkvæði. Þó má heimila að fulltrúi fari með 2 eða fleiri atkvæði en aðeins atkvæði þess sérráðs eða héraðssambands sem hann er fulltrúi fyrir. Þessi heimild á við þegar fulltrúi hefur forfallast eða ef langt er eða kostnaðarsamt að sækja þing. Þessi undanþága á ekki við fulltrúa sem búsettir eru þar sem þing er háð nema um skyndileg forföll sé að ræða. Umboð sem jafnframt er beiðni til þingsins um að fulltrúi fari með 2 eða fleiri atkvæði skal vera skriflegt og frá stjórn hlutaðeigandi sambandsaðila.

STÍ er samband héraðssambanda og íþróttandalaga. Fyrir þetta þing skiptist fjöldi þingfulltrúa þannig milli sambandsaðila:

Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu	3
Skotgrund Skotfélag Snæfellsness	
Héraðssamband Þingeyinga	2
Skotfélag Húsavíkur	
Skotíþróttafélag Norðurlands	
Héraðssamband Vestfirðinga	3
Skotíþróttafélag Ísafjarðarbæjar	
Héraðssambandið Skarphéðinn	4
Skotíþróttafélag Suðurlands	
Skotíþróttafélagið Skyttur	
Íþróttabandalag Akraness	2
Skotfélag Akraness	
Íþróttabandalag Akureyrar	4
Skotfélag Akureyrar	
Íþróttabandalag Hafnarfjarðar	3
Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar	
Íþróttabandalag Reykjanesbæjar	5
Keflavík íþrótt- og ungmennafélag	
Íþróttabandalag Reykjavíkur	10
Skotfélag Reykjavíkur	
Íþróttabandalag Vestmannaeyja	2
Skotfélag Vestmannaeyja	
Ungmenna og íþróttasamband Austurlands	4
Skotfélag Austurlands	
Skotíþróttafélagið Dreki	
Ungmenna- og íþróttasamband Fjallabyggðar	2
Skotfélag Ólafsfjarðar	
Ungmennasamband Austur Húnavetninga	2
Skotfélagið Markviss	
Ungmennasamband Kjalarnesþings	5
Skotíþróttafélag Kópavogs	
Ungmennasambandið Úlfjótur	2
Skotfélag A-Skaftafellssýslu	

Samtals eiga því 53 fulltrúar rétt til setu á þinginu. Miðast fulltrúafjöldi við stöðu iðkenda, samkvæmt 15.grein, þann 1.ágúst 2023.

Virðingarfyllt
Stjórn Skotíþróttasambands Íslands